




ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2009



ÁRSSKÝRSLA GILDIS - LÍFEYRISSJÓÐS 2009



EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn	6
Starfsmenn	7
Iðgjöld	8
Lífeyrir	8
Lán til sjóðfélaga - úrræði vegna greiðsluferfiðleika	9
Afkoma - óvissuþættir	10
Verðbréfamarkaðir 2009	10
Fjárfestingarstefna	13
Fjárfestingar	13
Verðbréfaeign	14
Yfirlit yfir stærstu fjárvörsluaðila sjóðsins erlendis	15
Ávöxtun	16
Gjaldeyrisáhætta	17
Hluthafastefna	19
Séreignardeild	19
Tryggingafræðileg úttekt	20
Sjóðfélagafundur í október 2009	21
Samskipta- og siðareglur	21
Framtakssjóður Íslands	23
Stöðugleikasáttmálinn - fjármögnun verklegra framkvæmda	23
Ársreikningur	25
Selected Financial Information	49

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Hrun fjármálakerfisins á Íslandi haustið 2008 heldur áfram að hafa mikil áhrif á ávöxtun lífeyrissjóðanna og er Gildi-lífeyrissjóður þar ekki undanskilinn. Áframhaldandi erfiðleikar innlendra fjármálastofnana og fyrirtækja, sem mörg hafa orðið gjaldþrota eða leitað nauðasamninga, og niðurfærsla á kröfum sjóðsins á hendur þeim, valda því að ávöxtun Gildis var neikvæð á árinu 2009, þótt verulegur bati hafi orðið á afkomu sjóðsins frá árinu 2008. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 11,6%, aðallega vegna neikvæðrar ávöxtunar, en einnig vegna lengri lífaldurs þjóðarinnar. Ljóst er að stjórn sjóðsins verður að leggja til við ársfund lækkun áunninna réttinda annað árið í röð en réttindi voru lækkuð um 10% í júní 2009. Í þessu sambandi má það ekki gleymast að lífeyrisgreiðslur eru verðtryggðar m.v. vísitölu neysluerðs og að réttindi sjóðfélaga voru hækkuð um 17,7% umfram hækkun vísitölnnar á árunum 2006 og 2007.

Enn er nokkur óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Á það sérstaklega við um gjaldmiðlaskiptasamninga sem sjóðurinn gerði við viðskiptabankana en við fall þeirra skapaðist mikil óvissa um hvernig gera skyldi samningana upp. Þeirri óvissu hefur ekki verið eytt. Þá er einnig óljóst hvernig endanlegar endurheimtur sjóðsins verða af skuldabréfum fyrirtækja og fjármálastofnana, en við niðurfærslur hefur verið stuðst við bestu upplýsingar um stöðu fyrirtækja á hverjum tíma. Þá býr sjóðurinn við verulega gengisáhættu vegna erlendra eigna sjóðsins, en vegna stöðu fjármálamarkaða og gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki gert afleiðusamninga til að minnka gengisáhættuna.

Gildi hefur lagt áherslu á að bæta upplýsingar til sjóðfélaga og í því skyni var haldinn sjóðfélagafundur í október sl. Þar voru sjóðfélagar upplýstir um stöðu sjóðsins, fjallað var um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og gerð grein fyrir hlutverki endurskoðunarnefndar sjóðsins, hugsanlegri aðkomu lífeyrissjóða að enduruppbyggingu og fjármögnun stórra framkvæmda og kynntar voru nýjar samskipta- og siðareglur sjóðsins.

Þrátt fyrir að hafa gengið í gegnum hremmingar sl. 2 ár eru lífeyrissjóðirnir enn sterkir og lífeyriskerfið öflugt og sparnaður í lífeyrissjóðum er mikilvæg uppspretta fjárfestinga í atvinnulífínu. Þótt fjárfestingarkostum hafi fækkað um sinn vegna erfiðs árferðis og gjaldeyrishafta munu sjóðirnir fjárfesta í atvinnulífínu þegar frá líður. Lífeyrissjóðirnir eru mikilvægir til þess að hefja sókn upp úr kreppunni. Að sjálfsögðu verða þeir að gæta fyllsta öryggis í fjárfestingum og krefjast viðunandi arðsemi. Þá eru einnig uppi auknar kröfur um bætt siðferði og samfélagslega ábyrgð. Þessi sjónarmið voru höfð að leiðarljósi þegar 16 lífeyrissjóðir, þ.á.m. Gildi, stofnuðu Framtakssjóð



Íslands í desember 2009. Sjóðnum er ætlað að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins og ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll.

Samkvæmt stöðugleikasáttmálanum frá júní 2009 skyldi ríkisstjórnin ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármögnuðu stórar framkvæmdir með sérstakri fjármögnun. Stefnt var að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða yrði lokið fyrir 1. september 2009. Því miður hefur þetta ekki gengið eftir, viðræður standa enn og engin ákvörðun hefur verið tekin um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun verkefna. Er þar ekki við sjóðina að sakast, enn hafa stjórnvöld ekki stillt um neinum fjárfestingarkostum fyrir lífeyrissjóðina til að taka afstöðu til.

Fyrir hönd stjórnar sjóðsins flyt ég starfsmönnum hans, sjóðfélögum og atvinnurekendum þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Vilhjálmur Egilsson,
stjórnarformaður Gildis - lífeyrissjóðs



STJÓRN

Stjórn sjóðsins er skipuð átta mönnum. Fjórir eru kosnir af fulltrúum sjóðfélaga á ársfundi og fjórir af stjórn Samtaka atvinnulífsins. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og varamanna þeirra. Eftirtaldir skipa stjórn sjóðsins til ársfundar 2010:

Vilhjálmur Egilsson, formaður
Sigurður Bessason, varaformaður
Friðrik J. Arngrímsson
Guðmundur Ragnarsson
Heiðrún Jónsdóttir
Konráð Alfreðsson
Sigurrós Kristinsdóttir
Sveinn Hannesson

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Hún setur sjóðnum fjárfestingarstefnu og skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun og starfsemi sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér verkum og skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaganna hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu stjórnarmenn ekki sitja lengur en 8 ár samfleytt sem aðalmenn í stjórn.

Á starfsárinu voru haldnir alls 18 stjórnarfundir.



Mynd tekin á stjórnarfundum 17. mars 2010. Standandi frá vinstri: Hjörtur Gíslason varamaður, Sveinn Hannesson, Konráð Alfreðsson, Guðmundur Ragnarsson og Sigurður Bessason. Sitjandi frá vinstri: Sigurrós Kristinsdóttir, Vilhjálmur Egilsson og Heiðrún Jónsdóttir.

STARFSMENN



22 starfsmenn störfuðu hjá sjóðnum í mars 2010. Á myndinni sem var tekin 24. mars sl. eru:

Standandi frá vinstri:	Starfssvið
Anna Lis Hjaltadóttir	Deildarstjóri iðgjaldadeildar
Nanna Þórarinsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Ásbjörg Hjálmarsdóttir	Afgreiðsla/móttaka
Tryggvi Tryggvason	Forstöðumaður eignastýringar
Ólafur Arason	Forstöðumaður tölvu- og upplýsingakerfa
Guðrún K. Sigurðardóttir	Deildarstjóri lánadeildar
Örn Arnþórsson	Skrifstofustjóri
Áslaug Jónsdóttir	Skráning iðgjalda
Ingileif Kristinsdóttir	Aðalbókari
Örn Guðnason	Deildarstjóri lífeyrisdeildar
Guðrún Jónsdóttir	Lífeyrismál
Sigurborg Reynisdóttir	Innheimta iðgjalda
Anna Rúnarsdóttir	Bókhald
Sitjandi frá vinstri:	
Friðgerður Friðriksdóttir	Innheimta iðgjalda
Kristrún Sigurðardóttir	Gjaldkeri
Jóhanna Erla Þorvaldsdóttir	Innheimta iðgjalda
Árni Guðmundsson	Framkvæmdastjóri
Kristín Pétursdóttir	Skráning iðgjalda
Bjarney Sigurðardóttir	Deildarstjóri séreignardeildar
Valgerður Hanna Hreinsdóttir	Lífeyrismál
Á myndina vantar:	
Davíð Rúdólfsson	Eignastýring
Guðmund Bergþórsson	Eignastýring


IÐGJÖLD

Iðgjöld til sjóðsins á árinu 2009 voru að lágmarki 12% af heildarlaunum. Launþegar greiddu 4% og atvinnurekendur 8%. Ýmsir kjarasamningar þeirra stéttarfélaganna sem aðild eiga að sjóðnum kveða síðan á um hærra framlag eða allt að 15,5%. Allir launamenn greiða iðgjöld frá 16 ára aldri til 70 ára aldurs.

Alls greiddu 39.672 sjóðfélagar hjá 4.033 launagreiðendum iðgjöld til sjóðsins á árinu 2009. Heildariðgjöld voru 10.925 milljónir króna. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 177.791.

Iðgjöld á árinu 2009 voru 4,5% lægri en iðgjöld ársins 2008. Eins og fram kemur í línuriti hér fyrir neðan kemur þessi lækkun aðallega fram hjá yngri aldurshópum.

Iðgjöld áráanna 2008 og 2009 eftir aldri iðgjaldagreiðenda.



LÍFEYRIR

Lífeyrisgreiðslur ársins 2009 námu samtals 7.890 milljónum króna og hækkuðu um 18,1% á milli ára. Lífeyrir sem hlutfall af greiddum iðgjöldum var 72,7% en var 58,8% á árinu 2008. Lífeyrir sem hlutfall af hreinni eign var 3,5% en var 3,2% á árinu 2008. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru alls 533 milljónir króna á árinu 2009 og er þar um mikla aukningu að ræða þar sem lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild Gildis voru 67,6 milljónir á árinu 2008. Gildi-lífeyrissjóður greiddi einnig lífeyri fyrir hönd Umsjónarnefndar eftirlauna til 139 sjóðfélaga eða maka látinna sjóðfélaga, samtals 17,8 milljónir króna.

Lífeyrisgreiðslur samtryggingardeildar

	2009	2008	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	4.362.296.362	3.880.823.414	+ 12,4%
Örorkulífeyrir	2.331.631.468	2.112.314.543	+ 10,4%
Makalífeyrir	547.955.405	507.397.657	+ 8,0%
Barnalífeyrir	97.418.738	90.482.514	+ 7,7%
Samtals:	7.339.301.973	6.591.018.128	+ 11,4%

Fjöldi lífeyrisþega í samtryggingardeild

Lífeyrisþegar á árinu 2009 voru 16.853 og þar af fengu 2.301 greidda fleira en eina tegund lífeyris. Skipting á milli einstakra lífeyristegunda var sem hér segir:

	2009	2008	Breyting milli ára
Ellilífeyrir	9.999	9.420	+ 6,1%
Örorkulífeyrir	3.914	3.637	+ 7,6%
Makalífeyrir	1.780	1.738	+ 2,4%
Barnalífeyrir	1.160	1.210	- 4,1%
Samtals:	16.853	16.005	+ 5,3%

LÁN TIL SJÓÐFÉLAGA - ÚRRÆÐI VEGNA GREIÐSLUERFIÐLEIKA

Á árinu 2009 voru veitt 164 ný lán til sjóðfélaga, samtals að fjárhæð 691 milljón króna. Þetta er mikil fækkun lána frá árinu 2008 en þá voru veitt 455 lán að fjárhæð 1.915 milljónir króna.

Sjóðfélagar hafa val um hvort lán eru tekin með föstum eða breytilegum vöxtum og hvort lánin endurgreiðast með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet). Í mars 2010 eru lánakjör sjóðsins þannig að ný lán með föstum vöxtum bera 5,2% vexti og breytilegir vextir eru 4,4%.

Á árinu 2009 var mikil vinna hjá lánadeild sjóðsins við að leysa úr greiðsluvanda sjóðfélaga. Mikið var um skilmálabreytingar á lánnum þar sem boðið var upp á að leggja vanskil við höfuðstól og jafnframt að lengja lánstíma. Margir hafa fengið frystingu lána en boðið hefur verið upp á tímabundna frystingu í 6-12 mánuði.

Í október 2009 voru sett lög um greiðslujöfnun fasteignatryggðra lána. Í lögnum var ákvæði um að öll fasteignatryggð lán færu sjálfkrafa í greiðslujöfnun frá og með 1. desember 2009 nema viðkomandi lántaki segði sig frá henni. Í árslok 2009 var skiptingin á sjóðfélagalánum sjóðsins þannig að 2.274 lán voru í greiðslujöfnun en úrsögn úr greiðslujöfnun hafði borist sjóðnum fyrir 1.295 lán.

AFKOMA - ÓVISSUPÆTTIR

Áhrif af hruni bankakerfisins eru enn mikil á afkomu sjóðsins og óvissa um verðmæti eigna. Fjármálafyrirtækin Straumur-Burðarás, SPRON og Sparisjóðabankinn fóru í þrot á árinu 2009 og nokkur fyrirtæki sem sjóðurinn á kröfur á hafa einnig farið í þrot eða gengið í gegnum nauðasamninga. Þessir atburðir hafa neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins. Uppgjör gömlu bankanna og margra íslenskra fyrirtækja er enn háð mikilli óvissu og ekki útséð hvaða áhrif þetta hefur á stöðu sjóðsins. Sjóðurinn færði kröfur á þessa aðila mikið niður á árinu 2008 og einnig á árinu 2009 eins og kemur fram í ársuppgjörinu. Engin vissa er fyrir því að þessar niðurfærslur séu nægjanlegar. Þá er uppgjör á gjaldmiðlaskiptasamningum við gömlu viðskiptabankana enn ólokið og mikil óvissa er um lyktir þess máls. Um áramótin voru eignir sjóðsins í erlendum gjaldmiðlum um 34% af heildareignum. Ekki eru möguleikar á að verja þessa stöðu fyrir sveiflum í gjaldmiðlum eins og nú háttar. Þessi opna gjaldeyrisstaða eykur því áhættuna í rekstri sjóðsins.


VERÐBRÉFAMARKAÐIR 2009

Innlendur skuldabréfamarkaður

Seðlabanki Íslands lækkaði vexti um 8% á árinu. Stýrivextir bankans fóru úr 18% í ársbyrjun í 10% í lok árs. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa fylgdi í kjölfarið og lækkaði á árinu. Ávöxtunarkrafa styttri ríkisbréfa (RB10) lækkaði úr 1,3% í ársbyrjun í 7,4% í árslok og ávöxtunarkrafa lengri ríkisbréfa (RB19) lækkaði úr 10% í ársbyrjun í 7,9% í árslok.


Verðbólga fór lækkandi er líða tók á árið. Ársverðbólga mældist yfir 18% fyrstu mánuði ársins en lækkaði og mældist rúm 8% í lok ársins. Þrátt fyrir efnahagssamdrátt er verðbólga enn há. Áhrif af gengisfalli krónunnar eru enn helsti verðbólguvaldurinn ásamt skattahækkunum. Verðbólgan er ekki eftirspurnardríf. Gjalddeyrishöftin hafa stöðvað frekari veikingu krónunnar og stuðlað að lægri verðbólgu. Þá hefur húsnæðisverð farið lækkandi. Búist er við því að verðbólga muni áfram fara lækkandi á árinu 2010.

Ársverðbólga




Fyrstu mánuði ársins hækkaði ávöxtunarkrafa íbúðarbréfa. Inngrip Seðlabankans á gjaldeyrismarkað á þessu tímabili gerði það að verkum að krónan styrktist og verðbólguvæntingar voru minni. Einnig var gert ráð fyrir miklu framboði ríkisskuldabréfa á árinu í kjölfar efnahagshrunsins. Þegar líða tók á árið veiktist krónan aftur og verðbólguvæntingar jukust. Fjárfestar juku fjárfestingar í verðtryggðum ríkisskuldabréfum og ávöxtunarkrafa þeirra lækkaði. Einnig kom í ljós þegar líða tók á árið að útgáfa ríkisskuldabréfa yrði mun minni en búist var við og að fjárfestingakostir yrðu af skornum skammti. Mun meiri eftirspurn hefur verið eftir ríkisskuldabréfum en framboð sem skýrir að hluta til lækkun ávöxtunarkröfunnar.

Stýrivextir og ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa



Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa



Innlendur hlutabréfamarkaður

Innlendur hlutabréfamarkaður er agnarsmár eftir efnahagshrunið 2008. Aðeins örfá hlutafélög eru skráð í Kauphöllinni og veltan mjög lítil. Einhver velta er með hlutabréf í Marel, Össuri og Bakkavör en nánast engin velta í öðrum félögum. Óvissa er um framtíð íslensks hlutabréfamarkaðar en búast má við einhverjum nýskráningum hlutafélaga á árinu 2010. Gildi er þátttakandi í Framtakssjóði Íslands. Markmið sjóðsins er að fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum og taka þátt í endurreisn þeirra. Búast má við töluverðum fjárfestingum sjóðsins í gegnum Framtakssjóðinn.

Erlendir markaðir


Fjármálakerfi Bandaríkjanna og Evrópu riðuðu til falls á árinu 2009. Bankar og fjármálastofnanir voru þjóðnýttar víðsvegar um heiminn. Með inngripum stjórnvalda og innspýtingu fjármagns í efnahagslíf viðkomandi landa virðist sem komist hafi verið hjá heimskreppu sem vofði yfir. Samdráttur varð á heimsvísu og hagnaður fyrirtækja dróst verulega saman. Ástandið á fjármálamörkuðum er ennþá mjög viðkvæmt árið 2010 og bankar og fjármálastofnanir mjög háðar stuðningi stjórnvalda. Afskriftir bankakerfisins hafa verið gífurlegar á síðustu tveimur árum og sér enn ekki fyrir endann á þeim.

Hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum og Evrópu héldu áfram að lækka framan af árinu. Hlutabréfamarkaðir fóru hins vegar lægst í mars 2009 og höfðu þá lækkað um tæp 50% frá ársbyrjun 2008. Eftir inngrip stjórnvalda og tilkynningar um innspýtingu fjármagns í hagkerfi heimsins fóru hlutabréfamarkaðir í Bandaríkjunum og Evrópu aftur að hækka. Hagtölur fóru að batna og fjárfestar öðluðust aftur trú á markaðinn og almennt var talið að viðkomandi markaðir væru yfirseldir. Hagnaður fyrirtækja lækkaði heldur ekki jafn mikið og spáð hafði verið. Heimsvísitala hlutabréfa MSCI hækkaði um 30,8% á árinu.

Þrátt fyrir betra útlit í efnahagsmálum eru vaxandi skuldir á heimsvísu áhyggjuefni. Mörg þróuð iðnvædd hagkerfi glíma við versnandi skuldastöðu hins opinbera og útlit er fyrir að heildarskuldir G7- ríkjanna að Kanada og Þýskalandi undanskildum fari upp að eða jafnvel yfir 100% af landsframleiðslu á næstu árum. Skuldir margra ríkja jukust í kjölfar aðgerða stjórnvalda til að draga úr áhrifum fjármálakreppunnar. Vandasamt er að vinda ofan af þessum aðgerðum á næstu misserum.

Vextir eru ennþá mjög lágir og með þeim lægstu sem sést hafa í mörgum ríkjum. Seðlabankar heimsins hafa lækkað vexti sumstaðar nánast niður í núll til þess að halda hagkerfum heimsins gangandi. Fjárfestar hafa einnig flúið í skjól og keypt ríkisskuldabréf þrátt fyrir að þau beri nánast enga vexti. Útlit er fyrir að vextir muni áfram vera lágir árið 2010 þar sem hagkerfi í Bandaríkjunum og Evrópu glíma enn við efnahagssamdrátt.

Þróun á erlendum vísitölum í heimamynt



FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2010 var samþykkt á stjórnarfundum þann 27. nóvember 2009, en stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til þess að breyta fjárfestingarstefnunni innan ársins 2010 vegna óvenjulegra aðstæðna á fjármálamörkuðum. Fjárfestingarkostir eru mjög takmarkaðir á Íslandi í kjölfar hrunsins og gjaldeyrishöft hefta fjárfestingar erlendis. Fáir fjárfestingarkostir eru á innlendum hlutabréfamarkaði. Gert er ráð fyrir að stærstum hluta af ráðstöfunarfé sjóðsins verði ráðstafað í ríkisskuldabréf á meðan óbreytt ástand ríkir á fjármálamarkaði. Gildi er einn af stofnendum Framtakssjóðs Íslands og er gert ráð fyrir verulegum fjárfestingum á næstu árum í gegnum sjóðinn. Þá er einnig gert ráð fyrir að hluti af ráðstöfunarfé fari til þess að fjármagna ýmsar verklegar framkvæmdir.

Gildi - fjárfestingarstefna 2010, markmið um eignasamsetningu

Verðbréfaflokkur	
Innlán	5,0%
Skuldabréf	61,0%
Skuldabréf með ábyrgð ríkisins	44,0%
Skuldabréf banka og sparisjóða	2,0%
Veðskuldabréf	7,0%
Skuldabréf sveitarfélaga	4,0%
Skuldabréf fjárfestingarlánasjóða	1,0%
Skuldabréf fyrirtækja	3,0%
Hlutabréf	22,0%
Innlend hlutabréf	2,0%
Erlend hlutabréf	20,0%
Fjárfestingasjóðir	12,0%
Vogunarsjóðir	2,0%
Framtakssjóðir/Fasteignasjóðir	10,0%
	100%

FJÁRFESTINGAR


Fjárfestingar 2009 (í milljónum króna):

	Kaup	Sala	Nettó
Skuldabréf	30.450	8.294	22.156
Ríkistryggt	19.649	3.178	16.648
Erlend ríkisskuldabréf	7.992	7.569	423
Önnur skuldabréf með áb. ríkisins	881		881
Sveitarfélög	1.039		1.039
Fyrirtækjaskuldabréf	199	337	-138
Veðskuldabréf	690	42	648
Hlutabréf	6.900	4.351	2.549
Innlend hlutabréf	263	1.297	-1.034
Erlend hlutabréf	6.637	3.054	3.582
Fjárfestingasjóðir	3.709	4.352	-642
Samtals	41.059	16.997	24.062

VERÐBRÉFAEIGN

Skipting verðbréfaeignar sjóðsins 31.12.2009 (í þús. króna):

Skipting verðbréfa	Upphæð	Hlutfall
Ríkistryggð bréf	97.483.228	42,3%
Erlend hlutabréf	42.093.486	18,3%
Framtaks- og fasteignasjóðir	21.463.148	9,3%
Innlán	17.188.762	7,5%
Veðskuldabréf	14.406.784	6,3%
Skuldabréf sveitarfélaga	9.452.394	4,1%
Vogunarsjóðir	7.600.941	3,3%
Skuldabréf fyrirtækja	7.115.168	3,1%
Bankabréf	4.936.610	2,1%
Erlend skuldabréf	4.179.646	1,8%
Innlend hlutabréf	3.817.324	1,7%
Önnur skuldabréf	270.631	0,1%
Samtals	230.008.122	100%



Stærstu útgjafir skuldabréfa fyrirtækja og sveitarfélaga:


Tíu stærstu útgjafir skuldabréfa í fyrirtækjaskuldabréfasafni sjóðsins í árslok 2009 (85% safnsins): Bakkavör, Skipti, Smáralind, N1, Spölur, Landsafl, Marel, Clearwater, Landsnet og Egilshöllin.

Í flokki skuldabréfa sveitarfélaga er Lánasjóður sveitarfélaga stærsti útgjafandinn með 43% heildareignar sjóðsins í þeim flokki, en stærstu skuldarar þar á eftir eru Reykjavíkurborg, Akureyri, Mosfellsbær, Reykjaneshöfn, Félagsbústaðir í Reykjavík, Ísafjörður, Árborg, Fjarðabyggð og Vestmannaeyjar. Samtals nemur hlutur þessara aðila 92% af heildareignum sjóðsins í þessum flokki.

YFIRLIT YFIR STÆRSTU FJÁRVÖRSLUAÐILA SJÓÐSINS ERLENDIS

Hlutabréf	42.093.486
Vanguard	10.012.693
Alliance Bernstein	8.914.214
Barclays	4.826.556
Morgan Stanley	4.780.228
JP Morgan	4.390.989
Templeton	4.217.811
Annað	4.950.995
Vogunarsjóðir	7.600.941
Credit Suisse	3.436.156
Gottex	1.879.005
AIP/Morgan Stanley	1.623.176
Kaupþing	662.604
Framtaks- og fasteignasjóðir	21.463.148
AIP/Morgan Stanley	4.968.315
Crossroads	3.256.742
Standard Life	2.200.520
SVG/Schroders	2.120.503
DLJ	1.524.991
Blackrock	1.324.457
Paul Capital	1.154.003
LGT	863.030
Annað	4.050.587

Hrein eign til greiðslu lífeyris 2005 - 2009 (í milljörðum króna):



ÁVÖXTUN

Nafnávöxtun sjóðsins á árinu 2009 var 6,8% og raunávöxtun -1,5%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár er -1,0% og síðastliðin 10 ár 2,0%. Ávöxtun skuldabréfa var 5,6% eða -3,0% raunávöxtun. Neikvæð raunávöxtun skuldabréfa skýrist einkum af niðurfærslum skuldabréfa fyrirtækja og banka á árinu. Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 9,6% eða 0,9% raunávöxtun. Til samanburðar lækkaði OMX Iceland All Shares Index um 14,7%. Nafnávöxtun erlendra hlutabréfa var 36,8% í íslenskum krónum en til samanburðar hækkaði heimsvísitala MSCI um 34,6% í krónum. Nafnávöxtun framtakssjóða var -12,8% á árinu og vogunarsjóða -3,0%.

Raunávöxtun einstakra eignaflokka:

Ríkisskuldabréf	4,7%
Innlán	3,2%
Erlend hlutabréf	26,0%
Framtakssjóðir	-19,7%
Vogunarsjóðir	-10,7%
Innlend hlutabréf	0,9%
Skuldabréf sveitarfélaga	5,2%
Skuldabréf fyrirtækja	-35,7%
Veðskuldabréf	5,1%
Skuldabréf banka og sparisjóða	-54,5%
Samtals	-1,5%

Séreignardeild

Framtíðarsýn I

Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar I var 8,0% eða 17,2% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 1,6%.

Framtíðarsýn II

Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar II var 0,8% eða 9,5% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 0,4%.


Framtíðarsýn III


Hrein raunávöxtun Framtíðarsýnar III var 5,2% eða 14,3% nafnávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar sl. 5 ár er 5,4%. Leið III er verðtryggður innlánsreikningur.

GJALDEYRISÁHÆTTA

Gjaldeyrishöft hafa verið við lýði á Íslandi síðan í nóvember 2008. Gjaldeyrishöftin voru hert enn frekar á árinu 2009. Gildi hefur því ekki möguleika að stýra gjaldeyrisáhættu sjóðsins nema með sölu erlendra eigna. Gjaldeyrisáhættan er einn stærsti áhættuþátturinn í rekstri sjóðsins. Þrátt fyrir gjaldeyrishöft veiktist krónan um 8% á síðasta ári.

Próun gengisvísitölunnar 2009





HLUTHAFASTEFTA

Gildi-lífeyrissjóður er langtímafjárfestir sem hefur það að markmiði að ná góðri arðsemi af fjárfestingum sínum í hlutabréfum. Sjóðurinn vill stuðla að heilbrigðum fjármálamarkaði á Íslandi með faglegu aðhaldi sem hluthafi. Sjóðurinn skal ekki vera leiðandi eða í stöðu kjölfestufjárfestis í tilteknum fyrirtækjum. Sjóðurinn gegnir eigendaskyldum sínum með virkum hætti og kemur ábendingum um rekstur og stefnu félaga sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á hluthafafundum og/eða með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja. Sjóðurinn tekur afstöðu til mála á hluthafafundum með atkvæðum sínum og á hlutabréfamarkaði með aðgerðum sínum eða aðgerðarleysi. Sjóðurinn tekur ekki þátt í vali á fulltrúum í stjórnir fyrirtækja nema þegar sérstakar ástæður gefa tilefni til slíks. Starfsmenn og stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórn félaga á vegum sjóðsins. Leitast skal við að fá til þess óháða fulltrúa. Fyrirtæki sem fjárfest er í skulu hafa skýra stefnu og markmið um arðsemi. Stjórnendateymi skal vera traust og sýna í verki vilja til þess að starfa með hluthöfum. Upplýsingastreymi þarf að vera gott frá viðkomandi fyrirtækjum. Fjárfestingum sjóðsins skal ekki beitt í pólitískum tilgangi, arðsemi skal ráða fjárfestingaákvörðunum. Sjóðurinn fjárfestir fyrst og fremst í fyrirtækjum sem taka upp reglur Kauphallar Íslands um bestu stjórnunarhætti fyrirtækja. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í samráði við formann stjórnar og varaformann nema stjórn ákveði annað.

SÉREIGNARDEILD

Árið 2009 var ólíkt fyrri árum séreignardeildarinnar en það einkenndist af miklum útgreiðslum. Hingað til hefur deildin vaxið ár frá ári en 2009 er fyrsta árið sem ekki er um aukningu eignar að ræða í deildinni. Ástæða þessa útstreymis er lagabreyting sem gerð var í mars 2009 og heimilaði sjóðfélögum yngri en 60 ára að taka allt að 1.000.000 kr. út úr séreignarsjóði sínum á 9 mánuðum. Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu og á vinnumarkaðnum voru margir sjóðfélagar sem nýttu sér þennan möguleika og fjölgaði lífeyrisþegum ársins í séreignardeild vegna þessa úr 200 í 2.700 á milli ára. Með þessum útgreiðslum fækkaði réttihöfum deildarinnar um rúmlega 2.000 á árinu en réttihafarnir voru alls 36.420 í árslok. Alls voru greiddar úr deildinni 550 milljónir króna og þar af 350 milljónir vegna lagabreytingarinnar. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.461 milljónum króna í árslok 2009 og lækkaði á árinu um 27 milljónir króna.

Hækkanir urðu á skuldabréfamörkuðum á árinu og hækkuðu skuldabréfasöfn Framtíðarsýnar I og Framtíðarsýnar II í samræmi við það. Hækkunin nam 12,1% í Framtíðarsýn I og 4,7% í Framtíðarsýn II. Munur á hækkun milli deildanna felst í því að Framtíðarsýn II átti meira af skuldabréfum fjármálastofnana og fyrirtækja sem afskrifuð voru á árinu. Erlendir hlutabréfamarkaðir tóku við sér á árinu og krónan veiktist þannig að erlend hlutabréfasöfn deildanna hækkuðu um 37% á árinu 2009.

Ávöxtun séreignardeilda Gildis var góð á árinu 2009 og skiluðu allar deildirnar jákvæðri raunávöxtun. Framtíðarsýn I skilaði 17,2% nafnávöxtun eða 8% raunávöxtun, Framtíðarsýn II skilaði 9,5% nafnávöxtun eða 0,8% raunávöxtun og Framtíðarsýn III, sem er verðtryggður innlánsreikningur, bar að meðaltali 5,2% raunvexti á árinu 2009.

Það sem skýrir mismun á ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeilda er annars vegar mismunandi fjárfestingarstefna og hins vegar mismunandi uppgjörsaðferð deildanna á markaðsskuldabréfum. Ávöxtun samtryggingardeildar og séreignardeilda er því ekki samanburðarhæf.

Yfirlit eru send sjóðfélögum tvisvar á ári þar sem fram koma sundurliðuð framlög sjóðfélaga og launagreiðenda. Þannig geta sjóðfélagar fylgst með þróun eignar sinnar og yfirfarið greiðslur frá launagreiðendum. Séu vanskil af hálfu launagreiðenda er lögmönnum lífeyrissjóðsins falin innheimta séreignarsparnaðarins.

TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins í árslok 2009 var unnin af Talnakönnun hf. Úttektin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar haldi áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir fara á lífeyri.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu úttektarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða úttektar á sjóðnum sem miðast við árslok 2008. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Staða í árslok

	2009		2008	
Áfallin staða				
Höfuðstóll	224.846		206.454	
Viðbót vegna endurmats	11.590		10.737	
Fjárfestingarkostnaður	- 3.347		- 3.223	
Eign	233.088		213.968	
Áfallin lífeyrisskuldbinding	272.659		265.966	
Kostnaður	2.397		2.038	
Áfallin skuldbinding	275.056		268.004	
Staða	- 41.968	-15,3%	-54.036	-20,2%
Heildarstaða				
Iðgjöld	162.449		184.776	
Eign + iðgjöld	395.538		398.744	
Lífeyrisskuldbinding	442.288		453.451	
Kostnaður	5.316		4.885	
Heildarskuldbinding	447.605		458.356	
Staða	- 52.067	- 11,6%	-59.592	-13,0%

Sú breyting er á tryggingafræðilegum forsendum að í úttektinni eru notaðar lífslíkur árána 2004-2008 en í úttektum næstu ár á undan var miðað við lífslíkur árána 2001-2005. Áfallin skuldbinding eykst um tæpar 3.000 milljónir króna vegna þessarar forsendubreytingar.

Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 52.067 milljónir. Það er heldur betri staða en í árslok 2008 þegar staðan var neikvæð um 59.592 milljónir en það var fyrir 10% skerðingu sem kom til framkvæmda á árinu. Áfallin staða er neikvæð um 41.968 milljónir en hún var neikvæð um 54.036 milljónir í úttektinni 2008.

Í úttektinni er ekki tekið tillit til sérstaks framlags til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006. Núgildandi lög og reglugerðir hafa ekki tekið á því hvort eða hvernig taka eigi tillit til þessa framlags í tryggingafræðilegum athugunum og ekki eru ákvæði í samþykktum Gildis um hvaða áhrif framlagið eigi að hafa á réttindi sjóðfélaga. Ef lítið væri á framlagið til Gildis árið 2009 sem viðbótariðgjöld án þess að sérstök réttindi kæmu þar á móti hefði heildarstaða sjóðsins batnað um 3,2% stig og orðið neikvæð um 8,4% í stað 11,6%. Ef samþykktir sjóðsins kvæðu hins vegar á um að örorkuframlagið myndi að hluta eða öllu leyti fara til þess að auka réttindi sjóðfélaga hefði heildarstaða sjóðsins orðið neikvæð um 8,4% til 11,6%, allt eftir því hve miklum hluta framlagsins yrði varið til að auka réttindi sjóðfélaga.

Staða sjóðsins er innan þeirra marka sem bráðabirgðaákvæði laga um lífeyrissjóði setur um allt að -15% heildarstöðu og er því ekki skylt að breyta réttindum sjóðfélaga. Það er hins vegar markmið að reka sjóðinn þannig að staða hans, bæði áfallin staða og heildarstaða, sé sem næst því að vera í jafnvægi. Það er mat tryggingafræðings sjóðsins að ekki verði komist hjá því að lækka réttindi í árslok 2009 á bilinu 5 - 10%.

Réttindi voru lækkuð um 10% á árinu 2009 en hækkuð um 7% 2006 og 10% árið 2007. Lífeyrisréttindi eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs og breytast lífeyrisgreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölunni.

SJÓÐFÉLAGAFUNDUR Í OKTÓBER 2009

Gildi-lífeyrissjóður hélt kynningar- og upplýsingafund fyrir sjóðfélaga 26. október 2009. Á fundinum fjallaði Árni Guðmundsson framkvæmdastjóri sjóðsins um afkomuna fyrstu 9 mánuði ársins og Sigurður Þórðarson, sem sæti á í endurskoðunarnefnd sjóðsins, flutti erindi um eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða, ábyrgð og skyldur stjórnenda og hlutverk eftirlitsaðila. Þá gerði Vilhjálmur Egilsson stjórnarformaður grein fyrir nýjum samskipta- og siðareglum sjóðsins og Þorbjörn Guðmundsson stjórnarmaður í Landssamtökum lífeyrissjóða fjallaði um hugsanlega aðkomu lífeyrissjóða að enduruppbyggingu og fjármögnun stórra framkvæmda. Að loknum framsöguerindum voru umræður og fyrirspurnir úr sal, en fundurinn var vel sóttur.

SAMSKIPTA- OG SIÐAREGLUR

Hlutverk Gildis-lífeyrissjóðs er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum og börnum lífeyri í samræmi við samþykktir sjóðsins og lög og aðrar reglur sem gilda um starfsemi lífeyrissjóða. Í því skyni tekur sjóðurinn við iðgjöldum og ávaxtar fjármuni sjóðsins. Gildi gegnir mikilvægu samfélagslegu hlutverki og innan sjóðsins er borin virðing fyrir þeirri samfélagslegu ábyrgð sem hvílir á sjóðnum.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er að fara með yfirstjórn hans eins og kveðið er á um í samþykktum, lögum og reglum. Stjórnin hefur forystu og frumkvæði í þróun sjóðsins og málum hans. Í því felst m.a. reglubundin almenn stefnumörkun, ákvarðanir um helstu mál og virk eftirfylgni með þeim ákvörðunum sem teknar eru. Stjórnin gegnir jafnframt eftirlitshlutverki og tryggir að allar viðeigandi aðgerðir til eftirlits innan sjóðsins séu framkvæmdar í samræmi við lög, reglur og góða starfshætti og verklagsvenjur. Stjórnin fylgir eftir ákvörðunum sínum.

Hlutverk starfsmanna sjóðsins er að annast rekstur hans og þjónustu og samskipti við viðskiptavini, opinbera aðila og aðra sem láta sig málefni sjóðsins varða. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn en annað starfsfólk er á ábyrgð hans utan þeirra sem starfa við innra eftirlit. Framkvæmdastjóra og starfsfólki sjóðsins eru ljósar þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og sú ábyrgð sem á þeim hvílir bæði formlega samkvæmt samþykktum, lögum og reglum, samningum eða ákvörðunum og eins óformlega vegna væntinga sjóðfélaga, launagreiðenda og samfélagsins alls um ábyrga og árangursríka starfsemi sjóðsins.

Í öllum störfum sínum fyrir sjóðinn leggja stjórn og starfsmenn áherslu á heilbrigða skynsemi og dómgreind. Gengið er fram af hófsemi og fyrirhyggju en jafnframt verða stjórn og starfsmenn að vera trúir sannfæringu sinni og vinna samkvæmt bestu samvisku.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins þjóna greiðandi sjóðfélögum, lífeyrisþegum, launagreiðendum og lántakendum af trúmennsku og virðingu fyrir hlutverki sjóðsins. Lögð er áhersla á opið upplýsingaflæði en nauðsynlegan og eðlilegan trúnað og þagnarskyldu og ennfremur virðingu og sanngjirni í framkomu, svörum og afgreiðslu mála. Upplýsingar eru ekki misnotaðar.

Samskipti við aðra aðila á fjármagnsmarkaði byggjast á virðingu fyrir samstarfsaðilum og viðleitni til að viðhalda og efla trúverðugleika sjóðsins. Ekkert er gert til að draga í efa löghlýðni starfsmanna eða hollustu þeirra við sjóðinn og hlutverk hans. Starfsmenn eru vakandi gagnvart hugsanlegum hagsmunaaðreksrum og bera virka ábyrgð á því að bregðast við hugsanlegum misfellum eftir því sem við á. Upplýsingar eru ekki misnotaðar og trúnaður við viðskiptaaðila er haldinn vegna allra lögmætra viðskipta.

Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhöfi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.

Gjafir eru ekki þegar né samþykkt greiðsla annarra á kostnaði vegna starfsmanna eða stjórnarmanna, ef slíkt gefur tilefni til að draga trúverðugleika sjóðsins í efa eða gefur ástæðu til að ætla að það hafi áhrif á ákvarðanir stjórnar eða starfsmanna. Gjafir mega enga fjárhagslega þýðingu hafa fyrir viðtakanda og allar kostnaðargreiðslur, t.d. vegna funda eða kynninga, verða að vera viðeigandi, hóflegar og í eðlilegu samræmi við tilefni og góðar viðskiptavenjur.

Stjórn og starfsmenn sjóðsins leitast við í samskiptum sínum við opinbera aðila og eftirlitsstofnanir að skapa traust á sjóðnum á grundvelli þess að lög og reglur eru haldin í heiðri. Virðing er borin fyrir markmiðum og tilgangi laga og í starfsemi sjóðsins er ekki reynt að þræða markalínur þess sem er löglegt. Unnið er með eftirlitsaðilum með eins jákvæðum hætti og kostur er og frumkvæði tekið í samskiptum við þá ef nokkur vafi leikur á því hvort einstakar ákvarðanir eða aðgerðir séu í samræmi við lög og reglur.

Stjórn og starfsmenn Gildis gæta fyllstu fagmennsku í samskiptum við almenning og fjölmiðla. Jafnan skal svara spurningum í samræmi við bestu vitneskju og án nokkurrar tilraunar til þess að villa um fyrir spyrjanda eða misleiða viðkomandi. Ef spurningu er ekki hægt að svara vegna þess að upplýsingar liggja ekki fyrir eða vegna trúnaðar skal það tekið fram með opnum hætti og skýrt út.

Stjórn og starfsmenn hafa metnað fyrir hönd sjóðsins. Í því felst að bera hag hans fyrir brjósti og leggja sig fram um að ná árangri fyrir hans hönd. Stjórn og starfsmenn eru hvattir til að vera málsvarar sjóðsins þegar tækifæri gefst.

Við ráðningu skal kynna siða- og samskiptareglur sjóðsins fyrir starfsmönnum. Sama gildir um stjórnarmenn sem taka sæti í stjórn sjóðsins. Brot starfsmanna á þessum reglum geta varðað áminningu eða uppsögn. Reglurnar skulu birtar á heimasíðu sjóðsins.

FRAMTAKSSJÓÐUR ÍSLANDS

Sextán lífeyrissjóðir stofnuðu í desember 2009 Framtakssjóð Íslands, fjárfestingarfélag sem ætlað er að taka þátt í og móta fjárhagslega og rekstrarlega endurreisn íslensks atvinnulífs í kjölfar falls fjármálakerfisins.

Stofnendur hafa skuldbundið sig til að leggja sjóðnum til um 30 milljarða króna í hlutafé. Í skilmálum fyrir sjóðinn er kveðið á um að hann muni ávaxta innbargað fé með fjárfestingum í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum sem eiga sér vænlegan rekstrargrundvöll. Markmiðið er að byggja upp öflug fyrirtæki sem geta verið leiðandi á sínu sviði og um leið skilað góðri ávöxtun til fjárfesta.

Í starfsemi sjóðsins verður lögð áhersla á að fylgja leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja. Við ákvarðanir um fjárfestingar í hlutafélögum verður litið til reglna OECD um stjórnarhætti fyrirtækja og reglna Viðskiptaráðs Íslands, Kauphallar Íslands og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja. Þá mun einnig verða litið til nýtkominna leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Ísland og Samtökum atvinnulífsins. Ennfremur verður horft til reglna ASÍ um samfélagslega ábyrgar fjárfestingar og settar reglur um innri starfsemi.

Sjóðurinn mun gegna eigendaskyldum sínum með virkum hætti og koma ábendingum um rekstur og stefnu fyrirtækja auk bættra stjórnarháttanna sem sjóðurinn er hluthafi í á framfæri á stjórnarfundum og hluthafafundum og með beinum samskiptum við stjórnendur viðkomandi fyrirtækja.

Gert er ráð fyrir nýfjárfestingum á vegum sjóðsins á næstu þremur árum og að hann verði starfræktur í sjö til tíu ár.

STÖÐUGLEIKASÁTTMÁLINN - FJÁRMÖGNUN VERKLEGRA FRAMKVÆMDA

Hinn 25. júní 2009 var undirritaður stöðugleikasáttmáli aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaga. Samkvæmt sáttmálanum skyldi ríkisstjórnin ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármagni stórar framkvæmdir með sérstakri fjármögnun. Stefnt var að því að viðræðum ríkisstjórnar og lífeyrissjóða yrði lokið fyrir 1. september 2009. Lífeyrissjóðirnir brugðust jákvætt við ósk ríkisstjórnarinnar um viðræður og báðir aðilar skipuðu sérstakar viðræðunefndir í þessu skyni. Nú manna aðgerðarhópur lífeyrissjóðanna er skipaður fulltrúum stærstu lífeyrissjóðanna og formanni og framkvæmastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða.

Þegar þetta er ritað í lok mars 2010 hafa enn engar ákvarðanir verið teknar um aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun stórra framkvæmda og er ástæðan sú að stjórnvöld hafa enn ekki tekið ákvarðanir um mál sem lífeyrissjóðirnir hafa getað tekið afstöðu til. Viðræður aðila standa enn yfir og þau mál sem helst hafa verið rædd varðandi aðkomu lífeyrissjóðanna eru nýbygging háskólasjúkrahúss við Hringbraut, samgöngumiðstöð við Reykjavíkurlugvöll, breikkun Suðurlands- og Vesturlandsvegjar, Búðarhálsvirkjun, Vaðlaheiðargöng og viðhald opinberra bygginga ríkis- og sveitarfélaga.





GILDI LÍFEYRISSJÓÐUR - ÁRSREIKNINGUR 2009





EFNISYFIRLIT ÁRSREIKNINGS/TABLE OF CONTENTS

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	28
Áritun óháðs endurskoðanda	30
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	31
Efnahagsreikningur	32
Sjóðstreymisyfirlit	33
Skýringar	34
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris	45
Efnahagsreikningur deilda	46
Sjóðstreymisyfirlit deilda	47
Selected Financial Information	49
Endorsement by the Board of Directors and Managing Director	50
Independent Auditor's Report	52
Statement of Changes in Net Assets for Pension Payments	53
Balance Sheet	54
Statement of Cash Flows	55
Financial Indicators	56

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2009 greiddu samtals 4.033 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins, samtals að fjárhæð 10.925 millj. kr. fyrir 39.672 sjóðfélaga. Sjóðfélagar með réttindi í árslok voru samtals 177.791. Fjöldi rétthafa í séreignardeild sjóðsins var í árslok 36.420.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 7.890 millj. kr. Ellilífeyrir nam 4.901 millj. kr., örorkulífeyrir 2.332 millj. kr., makalífeyrir 559 millj. kr. og barnalífeyrir 97 millj. kr. Fjöldi ellilífeyrisþega á árinu var 9.999, örorkulífeyrisþega 3.914, makalífeyrisþega 1.780 og 1.160 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 14.552. Til samanburðar voru lífeyrisgreiðslur á árinu 2008 samtals 6.678 millj. kr.

Sjóðurinn skiptist í tvær deildir, samtryggingardeild og séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 224.846 millj. kr. í árslok 2009 og hækkaði á árinu um 18.391 millj. kr. eða 8,9%. Hrein raunávöxtun á eignum deildarinnar miðað við vísitölu neysluverðs var neikvæð um 1,7%. Hrein eign séreignardeildar til greiðslu lífeyris nam 2.461 millj. kr. í árslok 2009 og lækkaði á árinu um 27 millj. kr. Hrein raunávöxtun séreignardeildar var þannig: Framtíðarsýn I 8,0%, Framtíðarsýn II 0,8% og Framtíðarsýn III 5,2%.

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2009. Samkvæmt henni voru eignir sjóðsins 41.968 millj. kr. lægri en áunnin réttindi sjóðfélaga og 52.067 millj. kr. lægri en heildarskuldbindingar í árslok miðað við 3,5% vexti. Skuldbindingar umfram eignir í árslok 2009 nema því 11,6%. Í úttektinni er ekki tekið tillit til sérstaks framlags til jöfnunar örorkubyrði skv. lögum nr. 177/2006. Núgildandi lög og reglugerðir hafa ekki tekið á því hvort eða hvernig taka eigi tillit til þessa framlags í tryggingafræðilegum athugunum og ekki eru ákvæði í samþykktum Gildis um hvaða áhrif framlagið eigi að hafa á réttindi sjóðfélaga. Ef litid væri á framlagið til Gildis árið 2009 sem viðbótariðgjöld án þess að sérstök réttindi kæmu þar á móti hefði heildarstaða sjóðsins batnað um 3,2% og orðið neikvæð um 8,4% í stað 11,6%. Ef samþykktir sjóðsins kvæðu hins vegar á um að örorkuframlagið myndi að hluta eða öllu leyti fara til þess að auka réttindi sjóðfélaga hefði heildarstaða sjóðsins orðið neikvæð um 8,4% til 11,6%, allt eftir því hve miklum hluta framlagsins yrði varið til að auka réttindi sjóðfélaga. Á ársfundi sjóðsins 2009 voru lífeyrisréttindi skert um 10%.

Ávöxtun innlendra hlutabréfa var 0,9%. Ávöxtun innlendra skuldabréfa útgefnum af bönkum og öðrum fyrirtækjum var neikvæð, einkum vegna niðurfærslu. Ávöxtun erlendra hlutabréfa var 26,0% í íslenskum krónum, en gengi íslensku krónunnar lækkaði um 7,0% á árinu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Sjóðurinn hefur verið í miklum viðskiptum við íslenska banka og fjárfest í hlutabréfum og skuldabréfum sem þeir hafa gefið út. Þá hefur sjóðurinn gert afleiðusamninga við bankana til að takmarka gengisáhættu vegna erlendra fjárfestinga sjóðsins, bæði gjaldmiðlaskiptasamninga og vaxtaskiptasamninga. Við fall bankanna í október 2008 urðu hlutabréf og víkjandi skuldabréf þeirra verðlaus og mikil óvissa er enn um verðmæti skuldabréfa sem þeir gáfu út og eru í eigu sjóðsins. Þá er óvissa um hvort og hvernig gera á upp afleiðusamningana. Sjóðurinn hefur gjaldfært 11.999 millj. kr. í bókhaldi sínu vegna þeirra. Í ársreikningnum hefur verið gert ráð fyrir að kröfum sjóðsins á bankana verði skuldajafnað á móti hluta af þessum samningum. Það sem eftir stendur, 7.113 millj. kr., er fært til skuldar í ársreikningnum.

Vegna þeirrar fjármálakreppu sem nú ríkir er mikil óvissa um raunverulegt verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn á. Í framhaldi af falli viðskiptabankanna þriggja í október 2008 hafa önnur innlend fyrirtæki lent í verulegum greiðsluferfiðleikum sem leitt hafa til greiðslustöðvunar og jafnvel gjaldþrots. Óvíst er hvernig mörgum þessara félaga mun reiða af á árinu 2010.

Það er stefna sjóðsins og hluti af áhættustýringu hans að eiga vel dreift eignasafn, sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Sjóðurinn hefur í samræmi við heimildir í lögum ávaxtað hluta af eignum sínum í erlendum verðbréfum í því skyni að dreifa fjárfestingaráhættu sinni. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2009 75.941 millj. kr. og býr sjóðurinn við gengisáhættu sem því nemur. Vegna stóðu fjármálamarkaða hér á landi og gjaldeyrishafta er sjóðnum nú ómögulegt að verjast gengisáhættu með gerð afleiðusamninga.

Stjórn sjóðsins mun leggja til við ársfund að réttindi sjóðfélaga verði lækkuð þannig að eignir og skuldbindingar sjóðsins verði innan þeirra marka sem lög um lífeyrissjóði og samþykktir sjóðsins gera ráð fyrir.

Stjórn Gildis - lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. febrúar 2010.

Stjórn:

Vilhjálmur Egilsson
Friðrik J. Arngrímsson
Heiðrún Jónsdóttir
Sigurrós Kristinsdóttir

Sigurður Bessason
Guðmundur Ragnarsson
Konráð Alfreðsson
Sveinn Hannesson

Framkvæmdastjóri:

Árni Guðmundsson

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til stjórnar og sjóðfélaga Gildis - lífeyrissjóðs.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Gildis - lífeyrissjóðs fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 26. febrúar 2010

KPMG hf

Sæmundur Valdimarsson

YFIRLIT UM BREYTINGAR Á HREINNI EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS FYRIR ÁRIÐ 2009

	Skýr.	2009	2008
Löggjöld:			
Löggjöld sjóðfélaga		3.526.586	3.692.357
Löggjöld launagreiðenda		7.398.090	7.692.000
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		(84.567)	(30.277)
		<u>10.840.109</u>	<u>11.354.080</u>
Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði		965.319	613.664
	6	<u>11.805.428</u>	<u>11.967.744</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	18	7.889.953	6.678.333
Umsjónarnefnd eftirlauna		(17.848)	(19.823)
Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris		12.126	12.558
	7	<u>7.884.230</u>	<u>6.671.068</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	8	7.545.149	(30.248.796)
Tekjur af húseign	9	1.347	4.307
Vaxtatekjur og gengismunur	10,19	17.853.125	8.406.185
Niðurfærsla verðbréfa	14,28	(10.577.689)	(12.392.254)
		<u>14.821.932</u>	<u>(34.230.558)</u>
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður:			
Fjárfestingargjöld		146.452	137.767
Rekstrarkostnaður		271.982	264.982
	11,20	<u>418.435</u>	<u>402.749</u>
Aðrar tekjur	12,23	<u>39.576</u>	<u>46.920</u>
Hækkun (lækkun) á hreinni eign á árinu		18.364.271	(29.289.710)
Hrein eign frá fyrra ári		<u>208.942.134</u>	<u>238.231.846</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	32	<u>227.306.405</u>	<u>208.942.134</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2009

	Skýr.	2009	2008
Fjárfestingar:			
Húseignir og lóðir	13,24	190.717	195.398
Aðrar fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum	14,25	79.975.259	70.713.067
Verðbréf með föstum tekjum	14,26	120.166.727	106.194.159
Veðlán	14,27	14.406.784	13.444.469
Bundnar bankainnstæður		12.942.403	2.574.082
Fullnustueignir		23.749	5.257
		<u>227.705.639</u>	<u>193.126.431</u>
Kröfur:			
Kröfur á launagreiðendur	6	1.721.689	1.626.081
Aðrar kröfur		131.325	79.822
		<u>1.853.014</u>	<u>1.705.903</u>
Aðrar eignir:			
Rekstrarfjármunir	13,24	17.391	24.927
Sjóður og veltiinnlán		4.994.948	19.234.469
		<u>5.012.339</u>	<u>19.259.396</u>
Eignir samtals		<u>234.570.992</u>	<u>214.091.731</u>
Skuldir:			
Skammtímaskuldir	31	7.264.587	5.149.597
Hrein eign til greiðslu lífeyris	32	<u>227.306.405</u>	<u>208.942.134</u>
Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris:			
Hrein eign samtryggingardeildar		224.845.588	206.454.248
Hrein eign séreignardeildar		2.460.817	2.487.886
Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals		<u>227.306.405</u>	<u>208.942.134</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2009

	2009	2008
Inngreiðslur:		
Löggjöld	11.692.635	10.868.867
Fjárfestingartekjur	6.486.957	3.278.124
Afborganir verðbréfa	9.699.749	6.936.797
